



Ársfundur Stapa 2025

13. maí 2025

Dagskrá

1. Setning ársfundar
2. Skýrsla stjórnar, kynning og afgreiðsla ársreiknings og tryggingafræðilegt mat
3. Fjárfestingarstefna sjóðsins
4. Hluthafastefna sjóðsins
5. Stjórnarkjöri lýst
6. Kosning löggilts endurskoðanda
7. Kosning utanaðkomandi aðila í endurskoðunarnefnd
8. Starfskjarastefna
9. Ákvörðun um laun til stjórnar
10. Val á fulltrúum í nefnd um laun stjórnar
11. Önnur mál



2. Skýrsla stjórnar

Elsa Björg Pétursdóttir, stjórnarformaður




2. Kynning og afgreiðsla ársreiknings

Jóhann Steinar Jóhannsson, framkvæmdastjóri

Ársskýrsluvefur 2024



<https://arsskyrsla.stapi.is/2024>





- Tæplega **23 þúsund** sjóðfélagar frá 11 aðildarfélögum greiddu til sjóðsins á árinu
- Iðgjöld bárust frá tæplega **fjögur þúsund** launagreiðendum
- Mánaðarleg iðgjöld eru nú um **1.600 m.kr.**



- Tæplega **100 þúsund** sjóðfélagar eiga **431 ma.kr.** sparnað sem sjóðurinn varðveitir
- Eignavísitala sjóðsins **hækkaði um 12%** á árinu og þar með réttindasjóður sjóðfélaga



- Rúmlega **13 þúsund** sjóðfélagar þáðu lífeyri frá sjóðnum í lok ársins
- Mánaðarlegar greiðslur lífeyris nema tæplega **1.000 m.kr.**
- Ríflega **2 þúsund úrskurðir** lífeyris framkvæmdir á árinu

Iðgjöld	2024	2023	<i>Br.</i>
Iðgjöld sjóðfélaga	5.363	5.056	6%
Iðgjöld launagreiðenda	14.754	13.682	8%
Réttindaflutningur og endurgreiðslur	(763)	(494)	54%
	19.354	18.245	6%
Sérstök aukaframlög	742	776	-4%
Iðgjöld samtals	20.096	19.021	6%

- Iðgjöld vaxa um 6% milli ára
- Örlítið meira en vísitala neysluverðs og í samræmi við launavísitölu

Lífeyrir	2024	2023	<i>Br.</i>
Heildarfjárhæð lífeyris	12.243	11.012	11%
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs	122	105	16%
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris	7	5	53%
Eftirlaun frá Tryggingastofnun	(0,4)	(0,4)	-12%
Lífeyrir samtals	12.372	11.121	11%

- Heildarfjárhæð lífeyris vex um 11% í takti við aukin réttindi þeirra árganga sem nú fara á lífeyri


Hreinar fjárfestingartekjur	2024	2023	Br.
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	30.850	11.952	158%
Hreinar tekjur af skuldabréfum	13.091	10.346	27%
Vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum	17	25	-33%
Vaxtatekjur af handbæru fé	251	184	36%
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum	51	44	17%
Fjárfestingargjöld	(87)	(74)	18%
Hreinar fjárfestingartekjur samtals	44.173	22.478	97%

- Mikil aukning í tekjum af hlutabréfum og sjóðum
- Afkoma af skuldabréfum í takti við væntingar
- Nafnávöxtun tæplega 12% og raunávöxtun 6,3%

Rekstrarkostnaður	2024	2023	Br.
Laun og launatengd gjöld	393	359	9%
Tryggingastærðfræðingur	4	9	-61%
Endurskoðun	7	6	14%
Innri endurskoðun	9	0	
Lögfræðikostnaður	8	9	-8%
Fjármálaeftirlit	22	20	9%
Upplýsingatæknikostnaður	85	81	5%
Annar kostnaður	113	95	18%
Rekstrarkostnaður samtals	640	579	10%
Innheimt rekstrarþóknun	(29)	(29)	3%
Hreinn rekstrarkostnaður samtals	610	551	11%

- Kostnaðarlutfall 0,14% af heildareignum líkt og undanfarin 4 ár
- Launakostnaður hækkar nokkuð í samræmi við fjölgun stöðugilda og almenna launahækkunar
- Kostnaðarhækkun milli ára vegna einskiptisverkefna m.a. í upplýsingatækni
 - Rafrænt umsóknarkerfi
 - Nýr launagreiðendavefur
 - Þróun sjóðfélagavefs

Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris






Efnahagsreikningur

Eignir	31.12.2024	31.12.2023	Br.
Fjárfestingar			
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	251.751	221.804	14%
Skuldabréf	167.493	149.319	12%
Bundnar bankainnstæður	206	230	-10%
	419.450	371.352	13%
Kröfur			
Kröfur á launagreiðendur	2.031	1.925	5%
Aðrar kröfur	2.191	794	176%
	4.222	2.719	55%
Varanlegir rekstrarfjármunir	272	281	-3%
Handbært fé	6.976	4.957	41%
Eignir samtals	430.919	379.309	14%
Skuldir	31.12.2024	31.12.2023	Br.
Viðskiptaskuldir			
Aðrar skuldir	395	72	452%
Skuldir samtals	395	72	452%
Hrein eign til greiðslu lífeyris	430.524	379.238	14%

- Eignarhlutir í félögum og sjóðum og skuldabréf hækka í takti við virðisaukningu
- Aðrar kröfur hækka vegna hluta yfirtökutilboðs í Marel sem var óuppgerður um áramót




- **Tryggingadeild** sjóðsins sem heldur utan um eftirlaun og áfallatryggingar er langstærsta deild sjóðsins með tæplega **98%** heildareigna
- **Séreignardeild** geymir rúmlega **2%** af heildareignum sjóðsins og heldur utan um séreignarsparnað sem er laus til útgreiðslu frá 60 ára aldri
- **Tilgreind séreignardeild** var stofnuð árið 2017 og geymir nú **0,2%** af heildareignum sjóðsins
 - Tilgreind séreign er laus til útborgunar frá 62 ára aldri




Tryggingadeild


	2024	2023	Breyting %
Iðgjöld í m.kr.	18.785	17.721	6,0%
Meðalfjöldi greiðandi sjóðfélaga	16.548	16.239	1,9%
Heildarfjöldi greiðandi sjóðfélaga	22.643	22.511	0,6%
Fjöldi launagreiðenda	3.869	3.526	9,7%



Meðalaldur virkra sjóðfélaga





Hlutfall erlendra ríkisborgara meðal virkra sjóðfélaga



Landsvæðaskipting iðgjalda




Iðgjöld eftir skráðri búsetu einstaklinga




Hverjir eiga réttindi hjá Stapa?


Ríkisfang sjóðfélaga Stapa



- Í aldurshópnum 21-40 ára eru 43% sjóðfélaga erlendir ríkisborgarar.
- Nýir sjóðfélagar á árinu 2024 voru rétt tæplega 3 þúsund
 - Af þeim voru yfir 70% erlendir ríkisborgarar


Ríkisfang erlendra sjóðfélaga Stapa






Eftirlaunaúrskurðir

Svipaður fjöldi snemmtöku eftirlauna og á fyrra ári







24% þeirra sem urðu 64 ára á árinu hafa þegar hafið töku eftirlauna (var 21% í fyrra)

71% þeirra sem urðu 67 ára á árinu hafa þegar hafið töku eftirlauna (var 71% í fyrra)

Samsetning lífeyrisgreiðslna




Mikil ásókn í sjóðfélagalán undanfarið – traustur eignaflokkur




	2024	2023	Breyting
Fjöldi lána	332	274	17,5%
Meðallánsfjárhæð m.kr.	38 m.kr.	33 m.kr.	15,2%
Meðalveðhlufall	57%	58%	-1,0%
Meðallánstími (ár)	33 ár	32 ár	3,1%
Hlutfall af tryggingadeild	4,1%	3,3%	24,2%



Breytingar eignavísitölu Stapa


Réttindasjóður sjóðfélaga Stapa breytist í takti við eignavísitölu sjóðsins





Séreignardeild





Ársskýrsla Stapa



Tilgreind séreignardeild


- Tilgreind séreign á rætur að rekja til **kjarasamninga frá árinu 2016** þegar iðgjald í lífeyrissjóð á almennum markaði var hækkað úr 12% í 15,5%
- Eftir það var heimilt að ráðstafa allt að **3,5% af iðgjaldi**, sem nam hækkuninni úr 12% í 15,5%, í tilgreinda séreign sem skyldi greiðast út á 5 ára tímabili frá 62 ára aldri
- Samkvæmt upphaflegum hugmyndum skyldi þessi nýja séreign ávöxtuð hjá viðkomandi skyldulífeyrissjóði sem síðar var **hafnað af fjármálaeftirlitinu – nú má flytja tilgreinda séreign til vörsluaðila að vali sjóðfélaga**

Deild	Iðgjöld launþega sem hlutfall af launum			Ávinningur	Erfist	Úttekt
Samtrygging	4%	8%	3,5%	Ævilöng eftirlaun Áfallalífeyrir (örorku-, maka- og barnalífeyrir)	✗	Frá 60 ára
Tilgreind séreign			0-3,5%*	Sjóður	✓	Frá 62 ára
Séreign	2-4%	2%		Sjóður Skattfrjáls ráðstöfun til kaupa á fyrstu íbúð eða inn á íbúðalán	✓	Frá 60 ára


Tilgreind séreign hjá Stapa

Meirihluta iðgjalda vísað til erlendra vörsluaðila


Iðgjöld tilgreindrar séreignar Stapa



Fjöldi virkra samninga um tilgreinda séreign




Aldursskipting sjóðfélaga með tilgreinda séreign



Þóknanir af iðgjaldi til erlendra vörsluaðila


- Þrír erlendir aðilar bjóða upp á lífeyristryggingar hér á landi sem eru markaðssettar sem viðbótarlífeyrissparnaður
- Hjá þessu aðilum eru þóknanir teknar af lífeyrисиðgjaldi við innborgun
- Í dæmigerðu tilviki nemur þóknun **25,8%** af lífeyrисиðgjaldi **fyrstu 5 ár samningstímans**
 - Upphafspóknun fellur niður eftir fimm ár og er þóknun því 5,3% eftir það út 40 ára samningstímann
- Meðaltalsþóknun yfir 40 ára líftíma samnings verður þannig **8% af iðgjaldi hvers árs!**

Dæmi um skiptingu kostnaðar hjá erlendum vörsluaðila (byggt á gögnum frá Allianz):





Með tilkomu innlendra söluaðila erlends viðbótarlífeyrissparnaðar er kominn nýr kostnaðarsamur milliliður inn í rótgróið sparnaðarform Íslendinga



Fyrirkomulag sparnaðarins er tryggingasamningur sem er í eðli sínu flókinn og framandi íslenskum neytendum og frábrugðinn hefðbundnum viðbótarlífeyrissparnaði
Ólíklegt að markmið kjarasamninga um “upplýsta ákvörðun” náist



Innlendir söluaðilar virðast hafa fundið leið til að selja erlenda vöru fyrir háar sölupóknanir með því að nýta innviði íslenska lífeyriskerfisins

Hvað er mögulegt að gera til að bæta ástandið?



Bann við beinni markaðssetningu og fjarsölu án fyrirfram beiðni neytenda



Setja reglur um staðlaða framsetningu á árlegri hlutfallstölu kostnaðar til að auðvelda samanburð



Gera breytingar á kjarasamningum sem breyta eðli tilgreindrar séreignar



Aukin markaðssetning lífeyrissjóða á tilgreindri séreign



Tryggingafræðilegt mat


Unnið af Bjarna Guðmundssyni, tryggingastærðfræðingi

- Helstu forsendur útreikninga ákveðnar með reglugerð sem fjármálaráðuneyti gefur út, nr. 391/1998
- Fjármálaráðuneytið gaf út **nýjar staðalforsendur** fyrir tryggingafræðilegar athuganir í **desember 2021**
- Staðalforsendurnar eru hvað varðar örorkulíkur byggðar á athugun Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga frá árinu 2018
 - Fyrir Stapa er gerð aðlögun varðandi örorkulíkindi með því að nota **120%** af meðaltali fyrir nýgengi örorku karla og **100%** af meðaltali fyrir konur
- Lífslíkur byggja einnig á sömu athugun 2014-2018 **auk þess sem gert er ráð fyrir að dánartíðni lækki ár frá ári** í samræmi við reiknilíkan Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga

Tryggingafræðileg staða í árslok 2024 - ma.kr. -

Eignir sem við eigum í dag og skuldbindingar vegna iðgjalda sem hafa verið greidd.

Núvirði iðgjalda sem greiðast í framtíðinni og skuldbindingar sem myndast vegna þeirra í framtíðinni.






Nýtt almannatryggingakerfi og lífeyrissjóðir

Örorkubyrði íslenskra lífeyrissjóða er mjög misjöfn

Lífeyrissjóðir verkamannastétta bera hærri örorkubyrði



- Lífeyrissjóðir verkamannastétta bera hærri örorkubyrði en aðrir lífeyrissjóðir
- Þetta skerðir að óbreyttu getu þeirra til að greiða eftirlaun
- Því er sanngjarnt og eðlilegt að þessi aðstöðumunur verði jafnaður milli sjóða
- Sú jöfnun er fjármögnuð með tilteknu hlutfalli af tryggingagjaldi sem er skipt á milli lífeyrissjóða í samræmi við örorkubyrði
- Jöfnunin bætir ekki upp allan aðstöðumun lífeyrissjóða en er mikilvægt framlag í þá átt
- Í fyrra fékk Stapi 772 m.kr. greiðslu í slíka jöfnun eða sem nam tæplega 30% af greiddum örorkulífeyri ársins

| Öll með: Breytingar á örorkulífeyriskerfinu

Fram undan eru breytingar á örorkulífeyriskerfinu sem fela í sér **bætta þjónustu, mikilvæga hvata til atvinnuþátttöku og bætt kjör með betra og einfaldara greiðslukerfi.**

Markmiðið er að bæta afkomu þeirra sem fá greiddan örorkulífeyri, einfalda kerfið, draga úr tekjutengingum, auka hvata til atvinnuþátttöku og gera örorkulífeyriskerfið **gagnsærra og réttlátara.**

Þá er stuðningur aukinn við fólk meðan á endurhæfingu þess stendur, samvinnu þjónustukerfa komið á og áhersla lögð á að hindra að fólk falli á milli kerfa.

Lögin sem Alþingi samþykkti í júní sl. vegna breytinganna taka gildi þann **1. september 2025.**



Einfaldara kerfi – hærri grunnur

» Breytingarnar auka ekki einungis réttindi örorkulífeyrisþega heldur mun **langstærstur hluti** þeirra sem fá greiddan örorkulífeyri samkvæmt gildandi lögum fá **hærri greiðslur í nýja kerfinu**



95% lífeyrisþega fá hærri greiðslur í nýju kerfi

Vara við afdrifaríkum afleiðingum

• ASÍ og BSRB gagnrýna niðurfellingu framlaga til jöfnunar á örorkubyrði í umsögnum til þingsins • Segja ríkisstjórnina brjóta óskrifaðar reglur vinnumarkaðar við skerðingu bótatímabils atvinnulausra

Þriðjudagur, 6. maí 2025



Alþýðusamband Íslands og BSRB gagnrýna harðlega að gert sé ráð fyrir að nýtt örorkulífeyriskerfi sem tekur gildi 1. september verði fjármagnað með því að fella niður framlög ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða

„Alþýðusambandið ítrekar áherslu sína á að misjöfn örorkubyrði lífeyrissjóða verði jöfnuð með skilgreindu framlagi frá ríkinu og varar við þeim afdrifaríku afleiðingum sem það hefur fyrir ellilífeyrisréttindi í lífeyrissjóðum almenns launafólks að höggva frekar í framlagið. Verði af því að framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði verði fellt niður er einhliða horfið frá samkomulagi við aðila vinnumarkaðar og mun höggið af því áfalli koma niður á ellilífeyrisgreiðslum verkafólks,“ segir í umsögn ASÍ.

Samtökin hafa áður gagnrýnt skerðingu jöfnunarframlagsins en segja að nú standi til að fella það alveg niður. BSRB segir það „vægast sagt óvifið að láta verkafólk á ellilífeyrisaldri, sem og lágláunakonur sem sinntu þjónustustörfum hjá sveitarfélögum, greiða fyrir breytingar á örorkulífeyriskerfinu með skertum greiðslum úr lífeyrissjóðum“.

Sýnir bandalagið fram á að hlutfall örorkulífeyris af heildarlífeyrisgreiðslum er mjög mismunandi milli lífeyrissjóða og segir BSRB að lífeyrir lágláunafólks muni sæta mestu skerðingunum „en t.d. munu áhrif á LSR, lífeyrissjóð ráðherra og alþingismanna, verða óveruleg enda örorkubyrðin þar meðal þeirrar lægstu“, segir í umsögn BSRB, sem krefst þess að fyrirkomulag jöfnunar lífeyrisbyrði verði fært aftur í sama horf og á árunum 2007 til 2024.



Víxlverkanir lífeyrissjóða og almannatrygginga

Jóna Finndís Jónsdóttir, forstöðumaður réttindasviðs

Lagabreytingar – örorkulífeyrir almannatrygginga

- Samþykktar hafa verið lagabreytingar á almannatryggingalöggjöfinni sem fela í sér umtalsverðar breytingar á örorkulífeyriskerfi almannatrygginga, þær taka gildi 1. september 2025.
- Þær eiga að stuðla að meiri samfelli milli þjónustukerfa, auka möguleika til þátttöku á vinnumarkaði og stuðla að réttri þjónustu eins snemma og hægt er.
- Breytingarnar gera m.a. ráð fyrir því að tekið verði upp svokallað samþætt séfræðimat örorku eða ICF sem á að vera „heildrænt matskerfi“.

Atriði sem þarf að greiða úr áður en nýtt greiðslukerfi almannatrygginga verður innleitt

- ✓ Víxlverkun milli almannatrygginga og lífeyrissjóða

*„Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 50% eða meira, hefur greitt í lífeyrissjóð í a.m.k. tvö ár og **orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins**“.* (1. mgr. 15. gr. laga um lífeyrissjóði nr. 129/1997)

Í tekjuathugunum er tekjuskerðing af völdum orkutapsins metin með því að bera tekjur sem viðkomandi hafði fyrir orkutap við tekjur eftir orkutap, mismunurinn er svokallað lífeyrisþak örorkulífeyrisþega, þ.e. hámarkslífeyrir sem sjóðirnir mega greiða út.

Í bráðabirgðaákvæðum í lögunum hafa gilt ákvæði um frystingu greiðslna almannatrygginga frá 1. janúar 2011 gagnvart áhrifum á örorkulífeyrisgreiðslur lífeyrissjóða.

Núverandi ákvæði er eftirfarandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 15. gr. er óheimilt á tímabilinu frá 1. janúar 2025 til 31. ágúst 2025 að láta almennar hækkanir sem kunna að verða á örorkulífeyrisgreiðslum samkvæmt lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, og lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, leiða til lækkunar á örorkulífeyri sjóðfélaga úr lífeyrissjóði.

Ár	Hækkun TR	Uppsafnað
2011	8,%	8%
2012	4%	12%
2013	4%	16%
2014	4%	20%
2015	3%	24%
2016	10%	36%
2017	8%	46%
2018	5%	53%
2019	4%	59%
2020	4%	64%
2021	4%	70%
2022	6%	80%
2023	11%	99%
2024	8%	115%
2025	4%	124%


Ef örorkulífeyrisþegi var með 150.000 kr. hjá TR árið 2011 þá er hann með 340.000 í dag, en lífeyrissjóðirnir telja þessar tekjur enn sem 150.000 þegar þeir bera saman við uppreiknaðar viðmiðunartekjur.

Vegna þessa ákvæðis greiða lífeyrissjóðir því umtalsvert meira í örorkulífeyri, en annars væri.

- ASÍ, SA, fjármála- og efnahagsráðuneytið, félags- og húsnæðismálaráðuneytið og LL hafa óskað eftir því við Bjarna Guðmundssonar, tryggingastærðfræðing að meta:
 - Áhrif þess að víxlverkunarákvæðið falli niður 1. sept nk., þ.e. þegar nýja kerfið tekur gildi hjá TR.
 - Áhrif þess ef lífeyrissjóðirnir hætta alveg að líta til lífeyris almannatrygginga við tekjuathuganir.
 - Skoða á bæði áhrif á lífeyrisþega og lífeyrissjóðina

Dæmi um sjóðfélaga sem býr einn og er barnlaus

Viðmiðunartekjur (tekjur fyrir orkutap): 350.000



Komast þarf að niðurstöðu sem fyrst

- Sjóðfélagar hafa fengið bréf frá TR um hækkanir, en vita ekki hverjar greiðslur lífeyrissjóða verða.
- Ef engu er breytt, þá mun örorkulífeyrir lífeyrissjóðanna í mörgum tilfellum lækka talsvert.
- Ef lífeyrissjóðir hætta að taka tillit til TR tekna þá mun örorkulífeyrir frá lífeyrissjóðunum hækka, sem kemur þá niður á getu þeirra til að greiða eftirlaun.



Orðið er laust

Skýrsla stjórnar, kynning og afgreiðsla ársreiknings og tryggingafræðilegt mat



3. Fjárfestingarstefna sjóðsins

Óli Þór Birgisson, forstöðumaður eignastýringar




Fjárfestingarstefna 2024

Þróunin árið 2024




Jöfn ávöxtun erlendis, íslenski markaðurinn tók við sér við fyrstu stýrivaxtalækkun



Ávöxtun eigna tryggingadeildar 2024


Nafnávöxtun eignasafnsins samanborið við viðmiðunarvísitölur




Erlent hlutabréfasafn

Ávöxtun skráðra sjóða góð á árinu 2024

Sundurliðun á tegundir sjóða




Ávöxtun sjóða



Viðskipti tryggingadeildar árið 2024


Færsla úr ávöxtunareignum yfir í tryggingaeignir





Eignasamsetning í árslok 2024




Tegundir eigna




Gjaldmiðlaáhætta




Grænar eignir



Langtíma nafnávöxtun




Langtíma raunávöxtun




Söguleg þróun á eignasafni


Vægi ávöxtunareigna aukist undanfarin ár



Vægi erlendra eigna aukist jafnt og þétt

Úr 26% í rúm 41% á undanförunum áratug








Ávöxtun það sem af er ári 2025

Fyrstu fjórir mánuðir ársins


Þróunin árið 2025



Bjartsýni á mörkuðum framan af eða þar til vísbendingar um að tollastríð væri í kortunum




Ávöxtun eigna tryggingadeildar fyrstu fjóra mánuði ársins 2025



Viðskipti tryggingadeildar fyrstu fjóra mánuði ársins 2025


Fyrstu fjórir mánuðir ársins




Eignasamsetning um síðustu mánaðarmót

Töluverðar breytingar frá áramótum vegna lækkunar ávöxtunareigna og veikingu dollarans



Eignasamsetning



Tegundir eigna





Gjaldmiðlaáhætta



Nafnávöxtun séreignasafna 2025

Fyrstu fjórir mánuðir ársins





Aðlögun eignasafnsins að nýrri heimsskipan?



Áframhaldandi þróun Stapa sem ábyrgs fjárfestis



Úrlausn málefna ÍL-sjóðs hefði töluverð áhrif á framkvæmd fjárfestingarstefnu



Stök viðskipti hafa mikil áhrif á gjaldeyrisstöðu sjóðsins



Orðið er laust
Fjárfestingarstefna



4. Hluthafastefna Stapa

Jóhann Steinar Jóhannsson, framkvæmdastjóri

Hluthafastefna og Stefna um ábyrgar fjárfestingar

Hluthafastefna

- Tilgreinir hvernig sjóðurinn hagar sér sem hluthafi og hvernig við væntum þess að stjórnarháttum fyrirtækja verði háttað
 - Umboðsskylda gagnvart sjóðfélögum
 - Samskipti sem hluthafi
 - Beiting atkvæða á hluthafafundum

Framkvæmd

- Stapi beitir atkvæðisrétti sínum í samræmi við anda hluthafastefnu sjóðsins
- Sjóðurinn á uppbyggileg samskipti við félög um stjórnarhætti þeirra – kemur á framfæri ábendingum
- Sjóðurinn gerir opinberlega grein fyrir beitingu atkvæðaréttar á hluthafafundum skráðra félaga

Stefna um ábyrgar fjárfestingar

- Tilgreinir ramma um framkvæmd ábyrga fjárfestinga sjóðsins
- Stapi byggir viðmið sín um ábyrgar fjárfestingar á grunngildum íslenskra laga á sviði umhverfispáttá og félagslegra þátta – ásamt alþjóðlegum sáttmálum og samningum
- Sjóðurinn kann einnig að taka þátt í samstarfi á sviði umhverfispáttá eða félagslegra þátta

Framkvæmd

- Umhverfispættir og félagslegir þættir hluti af greiningu fjárfestingarkosta
- Stapi kann að beita jákvæðri eða neikvæðri skimun

Opinber birting upplýsinga um beitingu atkvæða Stapa



UmsóknirVefur sjóðfélagaVefur launagreiðendaENPL

STAPI
LÍFEYRISJÓÐUR

SjóðfélagarLánLaunagreiðendurFjárfestingarSjóðurinn

FORSIDA / FJÁRFESTINGAR / HLUTHAFASTEFNA

Hluthafastefna

Stjórn og starfsmenn Stapa eru vörsluaðilar lífeyrissparnaðar sjóðfélaga og ber sem slíkum að standa vörð um hagsmuni þeirra og hafa þá að leiðarljósi í störfum sínum. Í því er m.a. fólgin sú krafa að sjóðurinn stuðli að því að bestu faglegu viðmið um stjórnarhætti fyrirtækja séu í heiðri höfð hjá þeim fyrirtækjum þar sem sjóðurinn fjárfestir eða felur eignastýringu fyrir hönd sjóðsins.

Inngangur

Grunnstefna

Stjórnarmenn

Stapi sem fjárfestir

Ráðstöfun atkvæðaréttar Stapa í innlendum hlutafélögum

Fjárfestingarstefna

Áhættustefna

Hluthafastefna

Ábyrgar fjárfestingar

Eignasamsetning

Ávöxtun

STAPI
LÍFEYRISJÓÐUR

Félag: Festi hf.

Dags. hluthafafundar: 5.mar.25

Atkvæðamagn Stapa: 5,18%

Fulltrúi Stapa: Umboðsmaður

Aðrar upplýsingar: -

Dagskrá: [Tillögur stjórnar](#)

Samantekt um ráðstöfun atkvæða Stapa:

- Allar tillögur stjórnar samþykktar
- Atkvæði Stapa til stjórnarsetu fengu Eddu Blumenstein, Guðjón Auðunsson, Guðjón Reynisson, Hjörleif Pálsson og Sigurlínu Ingvarsdóttir

STAPI
LÍFEYRISJÓÐUR

Félag: Kvika banki hf.

Dags. hluthafafundar: 26.mar.25

Atkvæðamagn Stapa: 2,40%

Fulltrúi Stapa: Sigurbjörn Hafþórsson

Aðrar upplýsingar: -

Dagskrá: [Tillögur stjórnar](#)

Samantekt um ráðstöfun atkvæða Stapa:

- Allar tillögur stjórnar samþykktar
- Atkvæði Stapa til stjórnarsetu fengu Sigurður Hannesson, Helga Kristín Auðunsdóttir, Guðjón Reynisson, Ingunn Svala Leifsdóttir og Páll Harðarson

71

Þróun Stapa sem ábyrgs fjárfestis

2017: Stapi er meðal stofnaðila að IcelandSIF, óháðs vettvangs fyrir umræðu og fræðslu um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar



2020: Stapi undirritar viljayfirlýsingu um fjárfestingar í þágu sjálfbærrar uppbyggingar

2023: Innleiðing upplýsingagjafar vegna áhættu tengdri sjálfbærni (SFDR) í stefnur og ferli

2024: Innra sjálfbærnimat próað. Ytra mat Reitunar tekið í notkun.

2015: Fyrsta hluthafastefna Stapa



2021: Hluthafastefna uppfærð og fyrsta stefnan um ábyrgar fjárfestingar samþykkt. Stapi gerist aðili að Climate Investment Coalition





Orðið er laust
Hluthafastefna



5. Stjórnarkjöri lýst

Fulltrúaráð sjóðsins hefur staðfest tilnefningar stjórnarmanna.
Tilnefningarnar eru feitletraðar hér að neðan en stjórn sjóðsins verður þannig skipuð:

Frá atvinnurekendum

- Elín Hjálmsdóttir (til 2026)
- **Tryggvi Þór Haraldsson (til 2026)**
- **Elsa Björg Pétursdóttir (til 2027)**
- **Kristinn Kristófersson (til 2027)**

Varamenn

- Páll Snorrason (til 2026)
- **Guðrún Ingólfssdóttir (til 2027)**

Frá launþegum

- Guðný Hrund Karlsdóttir (til 2026)
- Þórarinn Sverrisson (til 2026)
- **Björn Snæbjörnsson (til 2027)**
- **Sigríður Dóra Sverrisdóttir (til 2027)**

Varamenn

- **Gunnhildur Imsland (til 2026)**
- **Heimir Kristinsson (til 2027)**



6. Kosning löggilts endurskoðanda

Stjórn Stapa leggur til að KPMG ehf. verði endurskoðandafyrirtæki sjóðsins á árinu 2025.



Orðið er laust
Kosning löggilts endurskoðanda



7. Kosning utanaðkomandi aðila í endurskoðunarnefnd

Stjórn Stapa leggur til að Ragna Hrund Hjartardóttir verði kosin utanaðkomandi aðili í endurskoðunarnefnd.



Orðið er laust

Kosning utanaðkomandi aðila í endurskoðunarnefnd



8. Starfskjarastefna

Megináherslur – óbreytt frá fyrra ári

A. Megináherslur í starfskjarastefnu Stapa lífeyrissjóðs eru:

1. Grunnlaun. Stapi lífeyrissjóður býður sanngjörn og samkeppnishæf grunnlaun í samræmi við hæfni einstaklinga og markaðsaðstæður. Stapi lífeyrissjóður greiðir sambærileg laun fyrir sambærilegt vinnuframlag.
2. Sveigjanleiki. Stapi lífeyrissjóður leggur áherslu á að vera sveigjanlegur vinnustaður og kemur til móts við þarfir bæði starfsmanna, sjóðfélaga og annarra viðskiptavina. Stapi lífeyrissjóður telur það mikilvæga hvatningu að starfsmenn geti samræmt starf sitt öðrum hlutverkum lífsins. Starfsmenn geta því samið um sveigjanlegan vinnutíma og reynt er eftir föngum að taka tillit til óska starfsmanna, þó aldrei þannig að það bitni á sjóðfélögum eða öðrum viðskiptamönnum sjóðsins.


Framkvæmd – skerpt á ákvæðum um að kaupaukar verði ekki notaðir

B. Framkvæmd starfskjarastefnu Stapa lífeyrissjóðs.

1. Starfskjör stjórnarmanna. Stjórnarmenn fá greidd stjórnarlaun í samræmi við ákvörðun ársfundar hverju sinni. Nefnd um laun stjórnar skilar tillögu um laun stjórnar og undirnefnda stjórnar til ársfundar. Nefndin starfar samkvæmt ákvæðum samþykktar sjóðsins og starfsreglum um störf nefndarinnar. Almenn er miðað við að stjórnarlaun hjá Stapa séu sambærileg og greitt er fyrir viðlíka stjórnarstörf að teknu tilliti til umfangs og ábyrgðar.
2. Starfskjör framkvæmdastjóra. Stjórn gerir skriflegan ráðningarsamning við framkvæmdastjóra þar sem gerð er grein fyrir öllum starfskjörum hans.
3. Starfskjör stjórnenda og lykilstarfsmanna. Framkvæmdastjóri gerir skriflega ráðningarsamninga við stjórnendur og lykilstarfsmenn þar sem gerð er grein fyrir starfskjörum og skulu þau taka tillit til markaðsaðstæðna og fylgja lögum og reglum og kjarasamningum hverju sinni.
4. Starfskjör annarra starfsmanna. Skriflegir ráðningarsamningar eru gerðir við aðra starfsmenn þar sem gerð skal grein fyrir starfskjörum og taka þau tillit til aðstæðna á vinnumarkaði og fylgja lögum og reglum og kjarasamningum hverju sinni.
5. Kaupaukar. Sjóðurinn heimilar ekki samninga um kaupauka eða starfskjör sem eru skilgreind út frá árangri og eru ekki þáttur í föstum starfskjörum, þar sem endanleg fjárhæð eða umfang liggur ekki fyrir með nákvæmum hætti fyrirfram. Ekki eru í gildi nein kaupaukakerfi hjá Stapa lífeyrissjóði.
6. Yfirvinna. Við það skal miðað að við venjulegar aðstæður rúmist sú vinna sem inni þarf að hendi vegna starfsemi sjóðsins innan þeirra marka sem sett eru í ráðningarsamningum starfsmanna. Framkvæmdastjóri sjóðsins hefur þó heimild til að samþykkja yfirvinnu til handa starfsmönnum, s.s. vegna álags sem upp kann að koma vegna sérstakra aðstæðna.



Orðið er laust
Starfskjarastefna



9. Ákvörðun um laun stjórnar og nefnda



Stjórnar- og nefndarlaun

Niðurstaða nefndar um laun stjórnar

Nefnd um laun stjórnarmanna Stapa fundaði tvisvar sinnum, þann 28. mars og 9. apríl, og hefur á þeim fundum farið yfir launakjör stjórnarmanna, varamanna og nefndarmanna sjóðsins. Í samræmi við starfsreglur nefndarinnar, samþykktir sjóðsins og ákvæði kjarasamninga, var ákveðið að leggja fram tillögu um að laun hækki um 3,5% milli ára 2024 og 2025.

Við mat á hækkunum var tekið mið af:

- Forsendum kjarasamninga
- Ábyrgð og umfangi starfa viðkomandi aðila
- Samanburði við laun sambærilegra nefnda og stjórna annarra lífeyrissjóða

Í samræmi við tillögu nefndar um laun stjórnar gerir stjórn tillögu um að stjórnar- og nefndarlaun Stapa hækki í samræmi við almennar launabreytingar í nýlegum kjarasamningum eða sem nemur 3,5% og verði eftirfarandi vegna komandi starfsárs:

- Stjórnarmaður: 94.232 kr. pr. mán og 62.820 kr. pr. mætingu á fund
 - Formaður stjórnar: 188.463 kr. pr. mán og 125.642 kr. pr. mætingu á fund
 - Varaformaður stjórnar: 141.346 kr. pr. mán og 94.232 kr. pr. mætingu á fund
 - Varamaður í stjórn: 78.525 kr. pr. mætingu á fund
- Nefndarmenn endurskoðunarnefndar 59.019 kr. á mánuði
 - Formaður endurskoðunarnefndar 118.038 kr. á mánuði
- Nefndarmenn nefndar um laun stjórnar 157.050 kr. fyrir starfsárið
 - Formaður nefndar um laun stjórnar 235.576 kr. fyrir starfsárið



Orðið er laust
Laun stjórnar og nefnda



10. Val á fulltrúum í nefnd um laun stjórnar

Hjá sjóðnum skal starfa nefnd um laun stjórnarmanna sem skal undirbúa og leggja fram tillögur að launum stjórnarmanna, bæði aðal- og varamanna, fyrir hvern ársfund.

Í nefndinni sitja stjórnarformaður sjóðsins auk þriggja einstaklinga sem ekki eru stjórnarmenn og eru kosnir á ársfundi sjóðsins.

Hlutfall fulltrúa atvinnurekenda og launamanna í nefndinni skal vera jafnt.

Frá atvinnurekendum

- Anna María Kristinsdóttir
- Geir Kristinn Aðalsteinsson

Frá launþegum

- Stjórnarformaður
- Ósk Helgadóttir



Orðið er laust

Val á fulltrúum í nefnd um laun stjórnar



11. Önnur mál



Takk og bless